

Ný útkomin lög.

- Lög um kirkjugjald af húsum, staðfest 19. dag septembermán. 1879, birt í deildinni A. bls. 32—33.
- Lög um löggiltan verzlunarstað við Jökulsá á Sólheimasandi staðfest 19. dag septemberm. 1879, birt í deildinni A. bls. 34—35.
- Lög um kaup á þeim þremur hlutum silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á, staðfest 19. dag septemberm. 1879, birt í deildinni A. bls. 36—37.
- Lög um breyting á lögum um bæjargjöld í Reykjavíkur kaupstað 19. oktbr. 1877 2. gr. a., staðfest 19. dag septemberm. 1879, birt í deildinni A. bls. 38—39.

Fundaskýrslur amtsráðanna.

D.

109

Fundur amtsráðsins í suðurumdæminu 11.—13. júní 1879.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmani Bergi Thorberg, með amtsráðsmönnum: dr. phil. Grími Thomsen og prestinum sira Skúla Gíslasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram jafnaðarsjóðsreikning suðuramtsins fyrir 1878 og gjörði við hann eina athugasemd, sem amtsráðið fjellst á; var hann rannsakaður og fannst að öðru leyti ekkert við hann að athuga, en eptirrit af honum höfðu áður verið send hinum kosnu amtsráðsmönnum til yfirskoðunar.
2. Forseti lagði fram: a. Reikning yfir búnaðarskólagjaldið í suðuramtinu 1878 og b. Reikning fyrir styrktarsjóð konungslandseta í suðuramtinu fyrir sama ár. Reikningarnir voru yfirskoðaðir og fannst ekkert athugavert við þá. Því var hreift, að ástæða kynni að vera til, að breyta innskriftarskírteini því, sem er eign konungslandsetasjóðsins, í innlend veðskuldabref.
3. Forseti lagði fram brjef landshöfðingjans, dagsett 21. marz p. á., viðvíkjandi uppástungu sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um breytingu á ferðum norðanpóstsins og vestanpóstsins og um gufuskifaferðir milli Akraness og Reykjavíkur og fleiri hafna við Faxaflóa. Samkvæmt þeirri bendingu, sem brjefið inniheldur, ákvað amtsráðið að senda málefni þetta til álita sýslunefndunum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarstjórninni í Reykjavík.
4. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 25. okt. f. á.; var í því beiðst álits amtsráðsins um tilboð eigandanna að jörðunum Kleppi og Laugarnesi um sölu á jörðum þessum, og jafnframt bent á, að nota kynni mega þær, og tún þeirra og hús, fyrir búnaðarskóla eða vitfiringastofnun. Það var álit amtsráðsins, að það væri hvorttveggja, að ekki væri svo mikið fje fyrir hendi, að tilboði þessu yrði sinnt að svo stöddu, og svo væri efasamt, hvort ekki mætti á sínum tíma fá hag-anlegri jörð fyrir búnaðarskóla.
5. Forseti lagði fram skýrslur, er útvegaðar höfðu verið frá sýslunefndunum í Vestur-skaptafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hin 16. október 1879.

109

þejarstjórninni í Reykjavík um styrk til að byggja brýr yfir Þjórsá og Ölvesá. Tillögurnar í skýrslum þessum, nema í skýrslunni frá Vesturskaptafellssýslu, voru málinu hlynntar. Amtráðið, sem viðurkenndi nauðsynina til, að styrkja fyrirtæki þetta, ákvað að beina því til landsstjórnarinnar með þeim tillögum: að fje það, sem útheimtist til að byggja brýrnar, verði greitt úr landssjóði sem vaxtalaust lán, að það verði ákveðið með lögum, að lán þetta endurgjaldist af Vesturskaptafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkur bæ á 35 árum, með sömu upphæð á hverju ári, að gjaldi þessu verði, hvað sýslurnar snertir, jafnað niður á gjaldendur eptir sömu reglum og gjöldunum til sýslusjóðs, og til tekin upphæð ákveðin, er greiddist af Reykjavíkur kaupstað.

6. Var tekin til umræðu beiðni frá bændunum á Meðalfelli í Kjós um að mega setja laxakistur eins og að undanförunu í ána Bugðu, þannig að áin væri þvergirt, og var komið samþykki frá 6 bændum, er neðar búa, en svo skýrt frá, að engir ættu veiði ofar. Hreppsnefnd og sýslunefnd höfðu mælt með beiðninni. Meiri hluti amtráðsins áleit, að svo framarlega sem engir eiga veiði í hinni hjer umræddu veiðiá ofar en bændurnir á Meðalfelli, og svo framarlega sem hjer sje gætt ákvarðana þeirra, sem viðaukalögin frá 11. maí 1876 innihalda um bilið milli rimlanna í föstum veiðivjelum, þá sjeu ákvarðanir nefndra laga ekki því til fyrirstöðu, að áin sje þvergirt með laxakistu, svo sem farið hefir verið fram á af beiðöndunum, og að þessi veiðiáðferð sje þeim þess vegna leyfileg. Minni hluti amtráðsins aptur á móti var á því, að einni af þeim grundvallarreglum, sem nefnd lög hafa sett um friðun laxins og frjálsa göngu, sje haggð með þvergirðingum í ám, hvort sem þær eru ofarlega eða neðarlega, og álitur því, að amtráðinu, samkvæmt 6. grein laganna, ekki sje heimilt, að veita hið umbeðna, þrátt fyrir það, þótt hreppsnefndin og sýslunefndin, að undanskildum oddvita, hafi mælt með því.
7. Frumvarp til reglugjörðar fyrir hreppstjóra, sem landshöfðinginn hafði sent amtráðinu til álitu, var rétt til undirbúnings. Síðan var málinu frestað til fullnaðarumræðu á aukafundi, eptir að hver amtráðsmaður fyrir sig hefði haft frumvarpið til ítarlegri íhugunar.
8. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 15. febr. þ. á. og skýrði frá, að amtráðið hefði fengið til umráða 966 kr. 66 a. af því fje, sem í fjárlögunum er veitt fyrir 1878 til jarðræktar og eflingar sjávarútvegi. Af fje þessu veitti amtráðið búnaðarfjelagi suðuramtsins 200 kr. til styrks við jarðabætur, en geymdi sjer að ákveða síðar, hvort veittur yrði styrkur til launa handa jarðyrkjumanni, sem er í þjónustu fjelagsins, þegar skýrslur væru komnar um aðgjörðir hans í sumar. Enn fremur var Ívari Helgasyni veittur 300 kr. styrkur til þess að ferðast til Noregs til að kynna sjer aðferð Norðmanna við fiskiveiðar m. m.; svo var og ákveðið, að gefa honum von um 300 kr. styrk næsta ár, ef fje væri fyrir hendi. Að öðru leyti áleit amtráðið, í samhljóðan við það, sem tekið er fram í því tilliti á fundi þess 14.—16. sept. 1878, (6. tölul.) að ráðlegast væri, að verja afganginum af hinu umrædda fje fyrir 1878 og 1879 til að undirbúa og byrja tilraunir til að stöðva sandfok það, sem ollir svo miklum skemmdum á þjóðjörðunum í Skaptafellssýslu. Samkvæmt tillögum forstöðumanns landbúnaðarfjelagsins danska, professors Jörgensens, ályktaði amtráðið, að hlutast skyldi til um, að búfræðingur Sveinn Sveinsson, sem búist er við að næsta vetur verði í Danmörku, kynni sjer varnir þær, sem á Jótlandi eru viðhafðar gegn sandfoki.

9. Forseti skýrði frá, að sira Páll Pálsson á Prestsbakka hefði í tilefni af áskorun amtsráðsins sett niður meðgjöfina með heyrnar- og málleysingjum, sem að undanfögnu hefði verið 280 kr. á ári, í 220 kr. frá 1. júlí þ. á.
10. Var úrskurðaður sýslusjóðsreikningur Vestmannaeyjasýslu fyrir 1877. Svo var og lagður fram framhaldsúrskurður á sýslusjóðsreikning Árnassýslu fyrir 1876 og 1877. Sjóðnum var úrskurðað til inntektar 114 kr. 6 a. Amtsráðið neitaði að breyta eldri úrskurði sínum um, að sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu skyldi svara sýslusjóðnum til 64 kr. 8 a.
11. Forseti skýrði frá, að landlæknirinn hefði sjálfur sleppt að fylgja ákvörðun sinni um kennslutíma yfirsetukvenna, og hefði því ekki verið ástæða til fyrir sig, að halda því máli lengra áfram.
12. Amtsráðið ræddi og samþykkti eptirfylgjandi: *Áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1880.*

Tekjur:

1. Í sjóði	1200 kr.
2. Niðurjöfnun	2550 —
	<hr/>
	3750 —

Gjöld:

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	330 kr.
2. Til ferðakostnaðar	200 —
3. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja	800 —
4. Til sáttamálefna	20 —
5. Endurgjald á lánnum	700 —
6. Kostnaður við amtsráðið	200 —
7. Ýmisleg útgjöld, (þar á meðal kostnaður við alþingiskosningar)	500 —
8. Sjóður við árslok	1000 —
	<hr/>
	3750 —

Að síðustu ákvað amtsráðið að halda aukafund 12. september þ. á.

E.

Fundur amtsráðsins í suðurumdæminu 12.—15. september 1879.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg með amtsráðsmönnum: dr. phil. Grími Thomsen og prestinum sira Skúla Gíslasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

- Forseti framlagði beiðni frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík um styrk til nefnds skóla, til þess að fullnægt verði, að því er suðuramtíð snertir, því skilyrði, sem alþingi hefir sett í fjárlögum fyrir 1880 og 1881, fyrir fjárveitingu úr landssjóði til skólans. Amtsráðið veitti kvennaskólanum 200 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir árið 1880, svo framarlega sem fjárlögin verða staðfest, og með því skilyrði, að kennslan verði ókeypís fyrir stúlkur úr suðuramtínu.
- Eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar samþykkti amtsráðið, að 2. og 15. yfirsetukvennahjeraði Árnassýslu sje skipt í tvö yfirsetukvennahjeruð hvoru.
- Eptir fyrirmælum landshöfðingjans leitaði forseti álits amtsráðsins um bónarbrjef frá Birni Bjarnarsyni frá Vatnshorni í Borgarfjarðarsýslu um styrk úr landssjóði til að halda áfram námi sínu við búnaðarskólann á Stend í Noregi. Amtsráðið ályktaði að

mæla fram með því, að beiðandanum yrði veittur 200 kr. styrkur af því fje, sem suðuramtinu er ætlað úr landssjóði til útbýtingar til eflingar landbúnaði, en þó með því skilyrði, að beiðandinn að af loknu náminu starfi að jarðabótum í suðuramtinu, og að hann sjerstaklega búi sig undir að geta sagt fyrir um framkvæmdir til að stemma stigu fyrir sandfoki.

4. Amtsráðið yfirskoðaði og úrskurðaði sýslusjóðsreikningana fyrir 1878 úr Skaptafells-sýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjasýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og var þar að eins að gjöra um mjög litlar leiðrjettingar, að því undanskildu, að einn sýslunefndarmaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði reiknað sjer 17 kr. í ferðakostnað fram yfir það sem lög heimila, og var því úrskurðað að sýslusjóðurinn skyldi fá þessa upphæð endurgoldna. Sýslusjóðsreikningur Árnassýslu var yfirskoðaður, en amtsráðið ályktaði að senda hann aptur til reikningshaldara til þess að bætt yrði úr göllum, sem á honum voru.
5. Amtsráðið kynnti sjer útskriftir af gjörðabókum sýslunefndanna, er komið höfðu til forseta, síðan amtsráðið átti fund með sjer í septemberm. f.á., og fannst þar við at-hugavert: *a.* Sýslunefndin í Árnassýslu hafði veitt úr sýslusjóði, án þess að hafa leitað samþykkis amtsráðsins, 56 kr. fyrir endurskoðan hreppsreikninganna árin 1875—76, og 1876—77, en eptir sveitarstjórnarlaganna 43. gr. (smbr. 26. gr. 3. tölul.) gat amtsráðið ekki álitid þetta gjald lögheimilað. *b.* Út af því að sama sýslunefnd hafði gjört ákvörðun um 10 fiska borgun á ári til hvers hreppsnefndarmanns, ályktaði amtsráðið að leita ítarlegri skýringa. *c.* Einnig ályktaði amtsráðið að heimta skyldi ítarlegri skýrslur í tilefni af þeirri ákvörðun sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu, að oddviti nefndarinnar skyldi skipa hreppsnefndinni í Akraneshreppi að jafna niður skaðabótum fyrir niðurskurð á sauðfje. *d.* Áætlun sú, er sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu hafði samþykkt um tekjur og gjöld sýslusjóðsins fyrir árið 1879, er ekki í hinu fyrirskipaða formi.
6. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Árnassýslu þar sem farið er fram á að verja megi nokkru af sýsluvegagjaldinu til vegarins frá «melunum í Sandvíkurhreppi að Óseyrarnesi», sem ekki er sýsluvegur; var skýrt frá, að búið væri að skjóta saman 1500 kr. til þessarar vegagjörðar, og að á vegi þessum þyrfti að byggja 1500 faðma langa brú, sem mundi kosta 5000 kr. Amtsráðið ályktaði, að allt að 1000 kr. af því, sem afgangs kynni að verða af vegagjaldi sýslunnar fyrir 1879, og af eptirstöðvun-um frá f. á. mætti verja til þessarar vegagjörðar.
7. Amtsráðið frestaði enn að ákveða, hvort veita skyldi styrk til launa handa jarðyrkjumanni þeim, sem er í þjónustu búnaðarfélags suðuramtsins, með því skýrslur vant-aði um aðgjörðir hans.
8. Var tekið til fullnaðarumræðu frumvarp til reglugjörðar fyrir hreppstjóra, sem rætt hafði verið til undirbúnings á síðasta fundi amtsráðsins. Amtsráðið stakk upp á ýmsum breytingum við frumvarp þetta og nokkrum viðaukagreinum; voru þær bók-aðar og verða til færðar í álitsskjali því, er forseti fyrir amtsráðsins hönd sendir landshöfðingjanum um málefni þetta.

Reykjavík, 19. dag septemberm. 1879.

Bergur Thorberg.

F.

109

Fundur amtsráðsins í vesturumdæminu 17.—19. júní 1879.

Fundurinn var haldinn í Stykkishólmi af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmanni sýslumanni Sigurði Sverrissyni og vara-amtsráðsmanui prófasti Guðmundi Einarssyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum :

1. Forseti lagði fram og amtsráðið endurskoðaði :

- a. Reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir 1878.
- b. Reikning yfir búnaðarskólagjaldið í vesturamtinu fyrir 1878.
- c. Reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir 1878.

Við reikninga þessa fannst ekkert að athuga, og voru þeir samþykktir af amtsráðinu.

2. Amtsráðið lagði úrskurð á sýslusjóðsreikninga Barðastrandarsýslu fyrir 1876 og 1877.

Einnig var endurskoðaður og úrskurðaður sýslusjóðsreikningur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu fyrir 1877, sem getið var um á síðasta fundi, að þá hafi vantað.

Í reikningi þessum voru gjaldamegin of taldar 30 kr., sem reikningshaldari því virtist eiga að fá endurgoldnar úr sýslusjóði.

3. Amtsráðið endurskoðaði og úrskurðaði sýslusjóðsreikninga fyrir árið 1878 frá þessum sýslum: 1. Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu; 2. Dalasýslu; 3. Strandasýslu og 4. Ísafjarðarsýslu; en forseti skýrði frá, að reikningarnir frá Mýrasýslu og frá Barðastrandarsýslu væru ekki enn komnir til sín.

4. Forseti lagði fram brjef frá hreppsnefndinni í Mýrahreppi um, að vegurinn yfir svo kallaða Sandsheiði milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar, verði tekinn í tölu sýsluvega. En þar eð vegur þessi, eins og hreppsnefndin sjálf hafði tekið fram, ekki er áfastur sýsluveginum gegnum sýsluna, virtist amtsráðinu hann ekki geta talizt til þeirra svegja, sem eftir lögum 15. okt. 1875 4. gr. eiga að vera sýsluvegir, og varð því ekki umbeidni þessi tekin til greina.

5. Samkvæmt fyrirætlum landshöfðingjans leitaði forseti álits amtsráðsins um beiðni Benedikts Oddssonar í Gjarðey um styrk til þess að læra leirkerasmíði á Jótlandi eða í Noregi. Amtsráðið áleit, að tilraunir beiðandans væru þess eðlis, að vert væri að uppörfa þær með styrk af almannaþje; en eftir því tilefni sem brjef landshöfðingjans þar til gaf, lýsti amtsráðið yfir því, að það ekki gæti álitid sig hafa heimild til að veita slíkan styrk úr jafnaðarsjóði eða úr búnaðarsjóði amtsins, eftir þeim reglum, sem gilda um gjöld þeirra sjóða, eins og það eigi heldur gæti álitid, að sýslunefnd væri bær um að telja slíkan styrk með gjöldum sýslusjóðsins og jafna honum niður með öðrum gjöldum þess sjóðs; þar á móti virtist amtsráðinu ástæða til að mæla fram með því, að beiðandinn öðlaðist styrk úr landssjóði, er gæti gjört honum mögulegt að ná áformi sínu, og að geta sýnt, hvort sú atvinna, er hann vill reyna, muni geta komizt á hjer á landi og orðið að notum.

6. Var rætt um þá tillögu sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu, að amtsráðið vildi styðja að því, að aukapóstur verði látinn ganga frá Laugabóli í Nauteyrarhreppi út Langa- og Dalströnd, Snæfjallaströnd og norður að Stað í Grunnavík, og að brjefhirdingarstaðurinn sje fluttur frá Vatnsfirði að Laugabóli; er gjört ráð fyrir, að þessi aukapóstferð mundi kosta 16 kr. í hvert skipti. Amtsráðið ályktaði að mæla fram með því við landshöfðingjann, að þessi endurbót yrði gjörð á póstgöngunum, en gat síður fallizt á þá tillögu sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, að aukapósturinn yrði látinn

109

- fara sjóleiðis frá Ísafirði norður að Snæfjöllum á Snæfjallaströnd, og þaðan annaðhvort sjóleiðis eða landveg að Stað í Grunnavík, með því sú pósthæð mundi verða hjer um bil þriðjungi dýrari, og þar að auki miklu hættulegri.
7. Amsráðið kynnti sjer útskriftir af gjörðabókum sýslunefndanna í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Strandasýslu og Ísafjarðarsýslu frá fundahöldum þeirra á þessu ári, og af fundarhaldi sýslunefndarinnar í Barðastrandarsýslu frá 1878. Við gjörðabókarútskriftina frá Ísafjarðarsýslu var athugað, að til kostnaðar við skriftir er ætlað 78 kr., og er það miklu meira en í öðrum sýslum er ætlað til slíkra gjalda, enda sýnir sýslusjóðsreikningurinn fyrir 1878, að 70 kr. hafa verið greiddar oddvita úr sýslusjóði fyrir útskriftir af gjörðabókinni til allra hreppa í sýslunni, en amtsráðið verður að álíta, að þetta gjald fyrir gjörðabókarútskriftir sje engan veginn nauðsynlegt, eins og ekki er heldur ráð fyrir því gjört í sveitarstjórnarlögunum, með því það og er skylda oddvita að afgreiða borgunarlaust til hvers einstaks hrepps ályktanir sýslunefndarinnar, að því leyti að þær snerta hann, og sjerstök afgreiðsla er nauðsynleg. — Af hinnu sömu gjörðabókarútskrift sást, að sýslunefndin hefir ákveðið laun hvers sýslunefndarmanns með þeirri upphæð, sem þar er til færð, en ekki varð sjeð, hvort launin hafa verið ákveðin samkvæmt 33. gr. sveitarstjórnarlaganna, og fann amtsráðið því ástæðu til að brýna fyrir sýslunefndinni þessa ákvörðun. Þar eð borgun til sýslunefndarmannanna árið 1878 var til færð í reikningnum það ár án nokkurra fylgiskjala eða skýringa um, hvornig hún hefir verið reiknuð, varð amtsráðið að álíta nauðsynlegt og ákvað, að reikningar sýslunefndarmannanna ættu framvegis að fylgja með sýslusjóðsreikningnum.
8. Amsráðið samþykkti þá ráðstöfun forseta, að hann hafði gjört samning við jarðyrkjumann Ólaf Bjarnarson um að ferðast í sumar um í vesturamtinu á sama hátt og síðastliðið ár, til að leiðbeina mönnum í jarðabótum, fyrir 400 kr. laun, sem vonast var eptir að mundu fást greiddar úr landssjóði. Það var ráðgjört, að jarðyrkjumaðurinn, sem um tíma hafði unnið í Stafholtstungum, yrði í Barðastrandarsýslu hjer um bil 2 mánaða tíma í sumar, samkvæmt ósk sýslunefndarinnar þar, og hjer um bil mánaðartíma í Strandasýslu.
9. Í tilefni af uppástungum, sem komu til amtsráðsins frá póstaafgreiðslumönnum í Hjarðarholmi í Dalasýslu og í Stykkishólmi, var rætt um breytingar á pósthöngungum. Amsráðið ákvað að mæla fram með þessum uppástungum í aðalatriðunum, sem eru: að í hvert skipti sem strandsiglingaskipið kemur til Stykkishólms, annaðhvort norðan eða sunnan um landið úr Reykjavík, skyldi póstur fara þaðan daginn eptir út Eyrarsveit, til Ólafsvíkur og Búða, og svo suður að Rauðkollsstöðum eða öðru jafnvel lengra; að um sama leyti skyldi annar aukapóstur fara úr Stykkishólmi inn Skógarströnd að Hjarðarholmi í Dalasýslu; að þegar strandsiglingaskipið ekki er á ferðinni, eða þannig stendur á ferðum þess, að pósthendingar tll vesturlands ekki verða látan fara með því um sama leyti og landpóstarnir ganga frá Reykjavík, þá ferari aukapóstur frá Hjarðarholmi í Mýrasýslu, undir eins eptir komu póstsins þangað eða að sunnan, beina leið vestur yfir Flatir, um Breiðabólstað á Skógarströnd til Stykkishólms; þaðan aptur út Eyrarsveit, til Ólafsvíkur og Búða og svo inn í Stykkishólmi; svo aptur þaðan inn Skógarströnd, tveim dögum áður en póstur á að koma inn að Hjarðarholmi í Dalasýslu að vestan, sömu leið til Mýrasýslu, og var það tekið fram, að hentugast væri, að þessi póstur væri búsettur í grennd við Stykkishólmi.

Amtsráðið áleit rjettast, að póstur sá, sem fari frá Hjarðarholti í Mýrasýslu til Stykkishólms, kæmi við á Rauðkollsstöðum í Eyjahreppi. 109

10. Forseti lagði fram brjef landshöfðingjans, dags. 23. maí þ. á., og þar með fylgjandi frumvarp til reglugjörðar fyrir hreppstjóra, og var skorað á amtsráðið, að skýra frá álitinu sínu um frumvarp þetta. Eftir að amtsráðið hafði yfirfarið og rætt frumvarpið, var stungið upp á ýmsum breytingum á einstökum ákvörðunum í því, en gjört ráð fyrir, að breytingaruppástungurnar yrðu nákvæmar orðaðar í álitsskjali því, er forseti amtsráðsins sendi um málið og sendi landshöfðingjanum.
11. Var tekið til umræðu skriflegt tilboð frá amtsráðsmanni Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal, um að koma á fót kennslu í jarðyrkju og búfræði á nefndri eignar- og ábylissjóði sinni, svo framarlega sem hann öðlaðist til þess þann styrk af almannaþje, að honum verði til undirbúnings stofnuninni veittar 1000 krónur, og þar eftir árlegur meðgjafarstyrkur með piltum þeim, er kennslunnar nytu; er gjört ráð fyrir, að kennslan ætti að vara í tvö ár og meðgjafarstyrkurinn fyrra árið vera 200 kr. fyrir hvern pilt, og 100 kr. síðara árið, en á ári hverju skyldi verða veitt móttaka 3 piltum; þar að auki skyldi honum greiðast 100 kr. á ári, sem styrkur til viðhalds á verkferum m. m. Amtsráðið, sem hafði fengið meðmæli með þessari fyrirhuguðu kennslustofnun frá sýslunefndunum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Strandasýslu, viðurkendi fullkomlega nytsemi og nauðsyn hinnar fyrirhuguðu kennslu, og ályktaði að styðja fyrirtæki þetta svo sem unnt væri. Amtsráðið áleit, að styrkur af almannaþje í þessu skyni ekki mætti minni vera, en farið er fram á, ef kennslan ætti að geta komið á og samsvarað tilgangi fyrirtækisins. Eftir það, sem útheimtist til undirbúnings (1000 kr.) vildi ráðið leggja til, að yrði úttegið á þann hátt, að 733 kr. yrðu á þessu ári greiddar úr landssjóði af því þje, sem ætlað er til eflingar landbúnaðinum; en 67 kr. úr búnaðarsjóði vesturamtsins, og loks 200 kr. næstkomandi vor af hinu umrædda þje úr landssjóði. Næsta ár skyldi meðgjöfin með 3 piltum, sem yrðu teknir til kennslu á næstkomanda vori, að upphæð 600 kr., og 100 kr. til viðhalds verkferum m. m., greiðast með 500 kr. af hinu fyrnefnda þje úr landssjóði og 200 kr. úr búnaðarsjóði vesturamtsins; en þar eftir ættu hin árlegu útgjöld til kennslunnar, 1000 kr., að greiðast með 200 kr. úr búnaðarsjóði vesturamtsins og 800 kr. úr landssjóði. Með tilliti til þeirra 1000 kr., sem stungið er upp á, að veittar yrðu til undirbúnings kennslustofnuninni, vildi amtsráðið setja ýms tryggjandi skilyrði fyrir útborguninni smátt og smátt eftir því, sem undirbúningnum skilaði áfram. Enn fremur var ætlast til, að kennslan ætti að vera undir umsjón amtsráðsins, og að framhaldandi veiting styrks til hennar skyldi vera bundin því skilyrði, að amtsráðið, sem árlega ætti að fá þar um tillögur sýslunefndanna í þeim þrem sýslum, er næst liggja kennslustaðnum, álitu, að kennslustofnunin væri í svo góðu lagi, og þess verð, að hið opinbera hjeldi áfram að veita þje henni til styrks. Þangað til kennslan væri komin á fót skyldu áhöld þau, er keypt yrðu til afnota við hana, vera að veði fyrir hinum veitta styrk.
12. Amtsráðið ályktaði, að mæla fram með því, að Boga Helgasyni frá Vogu yrði, samkvæmt beiðni, er komið hafði til amtsráðsins frá föður hans, veittur 100 kr. styrkur til að halda áfram námi sínu við búfræðingaskólann í Stend í Noregi.
13. Amtsráðið veitti þessum mönnum verðlaun fyrir jarðabætur úr búnaðarsjóði vesturamtsins:

109

- a. Hreppstjóra Guðna Jónssyni á Dunkurbakka í Dalasýslu 100 kr.
 b. Bóndanum Snorra Jónssyni á Teigi í sömu sýslu 25 —
 c. Bóndanum Jóni Einarssyni á Hólum í sömu sýslu 25 —
 d. Bóndanum Jóni Jónssyni á Dældarkoti í Snæfellsnessýslu 25 —
14. Forseti leitaði álits amtsráðsins um brjef landshöfðingjans, dagsett 21. marz þ. á., viðvíkjandi uppástungu sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um breytingu á ferðum norðanpóstsins og vestanpóstsins, og um gufuskipaferðir milli Akraness og Reykjavíkur og fleiri hafna við Faxaflóa. Eptir uppástungu forseta ákvað amtsráðið að leita skyldi álits sýslunefndarinnar í Mýrasýslu um málefni þetta.
15. Amtsráðið skoðaði fangahúsið í Stykkishólmi, og skýrði sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá, að eptir að hið nýja þak hefði verið lagt á húsið, væri það laust við allan leka. Einnig skoðaði amtsráðið bókasafn vesturamtsins sem hefir verið sett upp í skápa í einu af herbergjunum í fangahúsinu.
16. Að síðustu var rædd og samþykkt eptirfylgjandi: *Aætlun um tekjur og gjöld jafn- aðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1880.*

Tekjur.

1. Eptirstöðvar	2500 kr. » a.
2. Niðurjöfnun	1460 — 48 —
	<u>3960 — 48 —</u>

Gjöld.

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	150 kr. » a.
2. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja	400 — » -
3. Endurgjald kostnaðar við byggingu fangahúsa:	
a. 5. afborgun af höfuðstól (¹ / ₁₅)	1292 kr. » a.
b. Ársvextir af 14212 kr.	568 — 48 —
	<u>1860 — 48 —</u>
4. Kostnaður við amtsráðið	300 — » -
5. Til ferðakostnaðar	200 — » -
6. Ýmisleg útgjöld	50 — » -
7. Eptirstöðvar	1000 — » -
	<u>3960 — 48 —</u>

Reykjavík, 20. septbr. 1879.

Bergur Thorberg.

Reikningar.

- 110 Styrktarsjóður Christians konungs hins níunda í minningu þúsund ára hátíðar Íslands um árið frá 1. septbr. 1878 til 31. ágúst 1879.

Tekjur:

Kr. A.

1. Eptirstöðvar frá f. á. (stjórnartíð. B. 151):	
a, innritunarskríteini litr. C. fol. 3609 að upphæð	8400 kr. » a.
b, í sparisjóði og í peningum	174 — 05 —
	<u>8574 05</u>
2. Vextir til 11. júní 1879	341 67
3. Keypt konunglegt skuldabryf litr. N, N. 25258	200 »
	<u>9115 72</u>